

Álit

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur að beiðni efnahags- og skattanefndar fjallað um II. kafla og IV. kafla frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson og Arndís Steinþórsdóttir frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og Eirík Blöndal og Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands.

Í II. kafla frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum á þann veg að sett verði þak á útgjöld ríkisins árið 2009 vegna búvörusamninga. Framlög samkvæmt samningunum mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Með frumvarpinu er lagt til að vísitölutengingin verði skert með þeim hætti að framlög ríkisins árið 2009 hækki ekki meir en áætlað var að þau mundu hækka þegar fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpi til fjárlaga 2009 í byrjun október.

Í IV. kafla frumvarpsins er lögð til sú breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum, að héraðsdýralæknum í Þingeyjarumdæmi verði fækkað úr tveimur í einn.

Meiri hlutinn ræddi þau áhrif sem lagabreyting þessi kann að hafa í för með sér fyrir bændur og telur hún að þrátt fyrir að aðgerðin hafi viðtæk áhrif sé hún liður í niðurskurði á útgjöldum ríkisins og nauðsynleg ráðstöfun í þeim niðurskurði í ríkisfjármálum sem orsakast af erfiðu ástandi í efnahagsmálum.

Sú fjárhæð sem sett er fram í fjárlögum fyrir árið 2009 gerir ráð fyrir að hækkun frá áætluðu meðalverðlagi 2008 til áætlaðs meðalverðlags 2009 verði 5,7%. Í ljósi þess að nú er gert fyrir að hækkun meðalverðlags milli ára verði allt að 15% er reiknað með að frumvapið feli í sér allt að 800 milljónum kr. sparnað á árs grundvelli. Þær tölur sem miðað er við í þessu frumvarpi eru þær sömu og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi 2009 þar sem gert er ráð fyrir 5-6% hækkun á meðalverði, en vísitölubundnum hækkunum samninganna vegna 2009 verði sleppt að öðru leyti.

Fram komu sjónarmið um að breytingin gengi nærri mörgum bændum sem ættu margir hverjir í efiðleikum nú þegar. Nefndin leggur áherslu á að aðgerð þessi er liður í viðamiklum aðhaldsráðstöfunum sem ríkinu er nauðugt að ráðast í vegna þeirra miklu efnahagsáfalla sem yfir þjóðina hafa dunið. Í álitum Bændasamtakanna kemur fram að þeir mótmæli harðlega þessum skerðingum og vísa í framlagt lögfræðialit þar að lútandi. En í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að breytingin er ekki talin stríða gegn eignaréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar jafnvel þótt gripið yrði tímabundið inn í gildandi samninga ríkis og bænda.

Fram kom í máli fulltrúa ráðuneytis að sparnaður vegna 5. gr. sé 8-10 milljónir. Einnig kom fram að þessi breyting muni ekki draga verulega úr þjónustu við bændur og eftirliti með dýraheilbrigði, en breytingin hefur þegar verið framkvæmd að nokkru leiti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt

Kjartan Ólafsson, Jón Gunnarsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. desember 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir form., frsm.
Helgi Hjörvar,
Karl V. Matthíasson,